

**Nd.**

**852. Frumvarp til laga**

[306. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtisdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. maí.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

Landsspildu úr landi Deildartungu, ásamt jarðhitaréttindum, þinglesna eign Sigurbjargar Björnsdóttur (Deildartunguhver).

Lega lands þess, sem taka skal eignarnámi svo og mörk þess, eru sýnd á uppdrætti, sem fylgir lögum þessum og er hluti þeirra.

**2. gr.**

Um framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta skal farið eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms.

Verði reist jarðhitastöð á hinu eignarnumda landi skuldbindur eignarnemi sig til að láta eignarnámsþola í té við stöðvarvegg samtals 10 l/sek. af vatni úr hvernum án endurgjalds.


**3. gr.**

Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er ríkissjóði heimilt að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hin eignarnumdu verðmæti til afnota eftir því sem almenningsþörf krefur og um semst, og verði þá m. a. höfð hliðsjón af hagsmunum íbúa Reykholtisdalshrepps.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar greiði ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerðum þessum.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.



**SKÝRINGAR**


- LANDSVEDI, SEM TAKA SKAL EIGNARNÁMI
- MIÐLÍNA FYRIRHUGADRAR ADKOMU
- LANDAMERKI
- YFIRBORÐSJARÐHITI
- 20 MÆLDUR PUNKTUR
- AFBREÐSLUSVEDI
- |||| FLAI
- ⊕ BORHOLA
- FRAMRÆSLUSKURÐUR
- VEGSLÓÐI
- H— HITAVEITURÍÐA
- T— TALSÍMI
- h— HÁSPENNULÍNA STAUR OG STAG
- GIRDING
- ▤ STEINHÚS
- ▨ TIMBURHÚS
- ▩ GRÓÐURHÚS



**HNITASKRÁ**

REIKNAD Í HNITAKERFI ÍSLANDS FRÁ 1974

EIGNARNÁMSSVEDI		LANDAMERKI		ÝMSAR GIRDINGAR	
231	62799.000 66997.000	141	62739.120 67117.729	9	62731.467 66985.84
232	62789.000 66805.000	143	62734.306 67094.427	12	62828.662 66904.98
233	62907.000 66805.000	184	62645.998 66806.472	13	62898.353 66935.39
234	62907.000 66955.000	209	62869.688 67029.410	16	62898.254 66942.60
235	62839.000 66955.000	204	62926.647 67015.288	69	62503.325 66880.64
236	62839.000 66997.000	205	62968.444 66929.163	104	62935.336 67953.81
		228	62792.775 67028.098	211	62927.326 66884.82
		237	63042.607 67129.124	219	62904.239 66934.92
		238	62901.047 67074.847	214	62885.100 66923.31
		239	62888.749 67075.322	215	62895.174 66956.18
		240	62900.946 67139.776	224	62886.927 66878.10
				225	62899.102 66866.56
				226	62910.680 66856.37
MIÐLÍNA ADKOMU					
131	62551.302 67365.191				
146	62709.797 67077.116				
147	62721.653 66987.159				
185	62742.839 66925.028				
187	62818.218 66902.224				



		<b>HNIT H.F.</b>	
		<b>VERKFRÆÐISTOFA</b>	
		SÍÐUNÁLA 34	SÍSÍ 8 47 95
<b>DEILDARTUNGUHVER</b>		MELRV.	
		MELT. DEJ./LBB/AL	DAGG. MAÍ 1979
		REIÐN. DEJ.	T.NR. 15-47
		TEIÐN. A.B./V.J.	M-1
		SAMP.	